



Fundargerð

531. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 7. maí 2026.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jenson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson, Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri og Eygló Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 13:00.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

1. 2605002 - Ársreikningur 2025 fyrri umræða.

Haraldur Örn Reynisson endurskoðandi frá KPMG kynnti helstu niðurstöður Ársreiknings Skaftárhrepps fyrir árið 2025 sem lagður er fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, við fyrri umræðu var jákvæð um 96 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða A og B hluta, eftir afskriftir og fjármagnsliði, við fyrri umræðu var jákvæð um 15 milljónir króna, samkvæmt rekstrarreikningi.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 1.328 milljónum króna fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.293 milljónum króna.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam um 1.631 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar um 86,5 milljónum króna.

Fjárfestingar ársins námu um 169 milljónum króna. í A og B hluta, en þar af námu fjárfestingar í A hluta 163 milljónum króna. Skuldaviðmið A og B hluta, skv. reglugerð nr. 502/2012 er 40%. Miðað er við að þetta hlutfall sé ekki hærra en 150%.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði að vísa ársreikningi Skaftárhrepps 2025 til endurskoðunar og síðari umræðu í sveitarstjórn.

BHS
AH
AKK

1716 GPS



2. 2605004 - Húsnæðisáætlun 2026

Lögð fram húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2026.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði fyrirbyggjandi Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps fyrir árið 2026.

Björn Helgi Snorrason og Auður Guðbjörnsdóttir, véku af fundi undir lið 3.

3. 2605003 - Skólaakstur 2026-2027.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Þar sem sveitarfélaginu hefur ekki borist svar frá yfirvöldum um hvort, útbod vegna skólaakstur þurfi að fara til útboðs skv. samningi um Evrópska efnahagssvæðið í allri Evrópu, ef það yrði niðurstaðan þarf að auglýsa útbodið þar í sex (6) vikur.

Oddviti lagði fram tillögu um að gengið verði til samninga við núverandi bifreiðastjóra skólaakstursleiða og að skólaakstur verði óbreyttur næsta skólavetur (2026 til 2027). Var tillaga oddvita samþykkt í einu hljóði.


Fleira ekki gert,
fundir slitið kl. 14:30.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Jón Hrafn Karlsson,